



SKÝRSLA STJÓRNAR 2013





ÁGÆTU FÉLAGAR

Á starfsárinu 2013 létust eftirtaldir félagar í Golfklúbbi Reykjavíkur:

Loftur Loftsson
Hermann Gunnarsson
Sigþrúður K. Gunnarsdóttir
Katrín Guðmundsdóttir
Stefán Hermannsson

Vil ég biðja fundarmenn að rísa úr sætum og minnst látinna féлага.

STJÓRN GOLFKLÚBBS REYKJAVÍKUR VAR Á STARFSÁRINU ÞANNIG SKIPUÐ:

Jón Pétur Jónsson, formaður
Björn Víglundsson, varaformaður
Guðný Helga Guðmundsdóttir, gjaldkeri
Viggó Haraldur Viggósson, ritari

Meðstjórnendur:

Gunnar Már Sigurfinnsson
Guðni Hafsteinsson
Helga Hilmarsdóttir

Varastjórn:

Anna Björk Birgisdóttir
Magnús Oddsson
Ragnar Baldursson

Framkvæmdastjóri:

Garðar Eyland

Haldnir voru 11 bókaðir fundir og eins og áður sat varastjórn
alla fundi ásamt framkvæmdastjóra.

FJÖLDI FÉLAGA

Í lok starfsárs voru félagar í Golfklúbbi Reykjavíkur 2.900 og hafði fækkað um 77
féлага frá árinu 2012. Þar af voru heiðursfélagar og félagar með fjaraðild 207 og hafði
fækkað um 66 féлага frá fyrra ári.

Félagar, sem greiða fullt félagsgjald, eru 2.693 en voru 2.704 árið á undan og hefur
fækkað um 11. Rétt er í þessu sambandi að minna á þá samþykkt félagsins að félagar
í Golfklúbbi Reykjavíkur, sem greiða fullt félagsgjald, skuli ekki vera fleiri en 2.750.



Aldurskipting og skipting kynja er sem hér segir:

Piltar og stúlkur yngri en 17 ára: 207 á móti 221 í fyrra eða fækkun um 14 kylfinga.
Konur 18 ára og eldri: 779 á móti 787 í fyrra eða fækkun um 8 konur.
Karlar 18 ára og eldri: 1914 á móti 1954 í fyrra eða fækkun um 40 karla.

Þegar þetta er ritað eru um 40 manns á biðlista.

Því miður virðist hafa dregið úr ásókn í okkar ágæta félag eins og sakir standa hverju sem það er að kenna, ástandinu í fjármálum heimila eða veðurfarinu sem hefur ekki verið hagstætt.

Við stefnum að því á næsta ári að hafa fullskipað í klúbbinn og eru áætlanir okkar við það miðaðar.

GOLFSUMARIÐ 2013

Veðurfar síðastliðið vor og sumar verður lengi í minnum haft. Vorið var kalt og síðan endalausar rigningar sem gerðu mönnum erfitt um vik við allt viðhald og nýframkvæmdir.

Við vorum á lokametrunum við endanlegan frágang á nýjum hluta Korpuvallar og áttum von á hagstæðari veðurfari en raun varð á. Seinkaði gróandanum mjög sem varð til þess að við urðum að loka núna í haust, langt á undan áætlun, nýjum hluta Korpuvallar sem ber nafnið Landið.

Einnig greru mun seinna þau svæði sem voru síðust í nýsáningu haustið 2012.

Þrátt fyrir þessar hremmingar var opnuð með pompi og prakt þann 15. júní ný 9 holu lykkja á Korpúlfstaðavelli. Völlurinn er þá kominn í endanlegt horf og býður upp á 27 keppnisholur ásamt 9 holu Litla vellinum.

Er það samdóma álit þeirra fjölmörgu félaga, sem hafa leikið völlinn, að vel hafi tekist til og samsetningin sem endanlega varð fyrir valinu, þ.e Sjórin, Áin og Landið, sé fjölbreyttur og fallegur golfvöllur sem sannaði gildi sitt fullkomlega á Íslandsmótinu í júlí. Allir keppendur á mótinu báru lof á völlinn og gáfu honum sína hæstu einkunn sem besti keppnisvöllur á Íslandi.

LEIKNIR HRINGIR - SAMANBURÐUR Á MILLI ÁRA

Rennum aðeins yfir stöðu leikinna hringja á völlum þeim sem GRingar höfðu aðgang að:

Vellir GR voru opnaðir eftir áætlun en þó frekar seint miðað við undanfarin ár. Þó var ástandið á þeim til fyrirmyndar þegar þeir loks voru opnaðir.

Veðurfarið og síðbúin opnun skýra fjölda leikinna hringja á völlum GR. Rennum aðeins yfir hvern völlum fyrir sig.

Grafarholtsvöllur var opnaður 21. maí og var leikinn 27.081 hringur í ár miðað við 36.873 hringi árið 2012 sem er rúmlega 25% samdráttur á spili.

Korpuvöllur var opnaður 8. maí og voru leiknir þar 45.448 hringir á móti 37.998 hringjum árið á undan. Það er um 20% aukning sem skýrist af margumræddri stækkun. Skipting þar á milli var í 18 holu leik 29.358 skráðir hringir í 9 holu leik 16.090 hringir en hafa ber í huga að Landinu var lokað í lok ágúst.

Í heildina er 3% samdráttur í leiknum skráðum hringjum á heimavöllum GR á árinu.

Á Litla vellinum voru seldir 2.500 hringir miðað við 3.530 hringi í fyrra og er það 29% samdráttur.

Skoðum leikna hringi GR félaga á vinavöllum okkar í ár:

Strandavöllur Hellu: 1.120 hringir á móti 940 hringjum í fyrra eða 19% aukning.

Portlákshafnarvöllur: 1.588 hringir á móti 1.163 hringjum í fyrra eða 35 % aukning.



Garðavöllur Akranesi: Félagar í GR léku 1.800 hringi en samanburður er ekki til sem vinavöllur.

Þessar tölur sýna að spil GRinga á vinavöllum er að komast í fyrra horf og heimsóknnum hefur fjölgað sem styrkir okkur í áframhaldandi samstarfi við vinavelli okkar.

Eins og áður, góðir fundarmenn, þá verðið þið að gefa mér smá tíma til að renna yfir það helsta í rekstri Golfklúbbs Reykjavíkur á starfsárinu.



MÁLEFNI PRÓGOLFS OG BÁSA

Um miðjan desember 2012 barst stjórn GR erindi frá Prógolf, sem eru rekstraraðilar Bása, æfingasvæðis Golfklúbbs Reykjavíkur, um lækkun leiguverðs til að mæta miklum halla sem myndaðist á árunum 2011 og 2012.

Aðalástæða fyrir umræddum rekstrarhalla var stighækkandi leiga sem og mikil niðursveifla í slegnum boltum.

Básanefnd fjallaði um málið út frá nokkrum sjónarhornum og niðurstaða nefndarinnar var að leggja til yfirtöku GR á lausafjármunum, sem Prógolf hafði yfirtekið og greitt fyrir þegar umræddur samningur var gerður upphaflega, ásamt kaupum á nýjum boltum. Koma þessar tölur vel fram í ársreikningi GR.

Athuga ber að GR hefði hvort sem er yfirtekið umrædda lausafjármuni og þurft að fjárfesta í nýjum boltum þótt leigutaka hefði verið sagt upp samningnum sem var í gildi.

Til að koma til móts við rekstraraðila ákvað stjórn GR einróma að flýta yfirtöku lausafjármuna og endurnýjun bolta sem og að taka af vísitöluhækkun leigugreiðslu út árið 2013 en halda sömu leiguupphæð óbreyttri eða um 24 milljónir króna á ári.

Á móti kom að leigutaki afsalaði sér öllum auglýsingarétti í Básam. Notfærði GR sér það og tókst að selja auglýsingar í Bása til þriggja ára. Kemur sú upphæð á móti umræddum boltakaupum.

Aðalástæða fyrir þessu samkomulagi var að gera leigutaka kleift að greiða skuldir sínar og ná eðlilegum rekstri án þess að fara í þrot sem var engum til góðs.

Umrætt samkomulag var samþykkt einróma í stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur 3. janúar 2013. Var mikil vinna lögð í allt þetta ferli og engir hnökrar verið síðan á samkomulagi því sem gert var við Prógolf.

Sá fyrirvari var einnig gerður að ef skilyrðum, sem tilgreind eru í samningnum, er ekki fullnægt getur GR sagt samningnum upp fyrirvaralaust og leyst til sín rekstur Bása.

MÁLEFNI GR & REYKJAVÍKUR-BORGAR

Nú er lokið öllum þeim uppbyggingarsamningum sem GR hefur gert við Reykjavíkurborg og á borgin engar kröfur á hendur GR.

Staðan hefur snúist við og á GR núna viðhaldskröfur á hendur borginni sem nema rúmlega 23 milljónum króna og ná aftur til ársins 2007.

Eru þetta kröfur vegna verkefna sem klúbburinn tók á sig vegna viðhalds á Korpuhúsinu og umhverfi þess en vegna hrunsins hefur borgin sett greiðslubann á öll viðhaldsverkefni allra íþróttafélaga í borginni.

Þetta er með öllu óþolandi staða og engum til góðs að halda öllum viðkomandi íþróttafélögum í viðhaldsgíslingu á sama tíma og öll mannvirki liggja undir skemmdum eða eru þegar stórskemmd þó að allir þjónustusamningar segi annað.

Tekið skal þó fram að Reykjavíkurborg hefur greitt 1.500 þúsund krónur inn á umrædda kröfu. Með sama framhaldi tekur 12 ár að fá þessa kröfu greidda að fullu. Vonum þó að lausn finnist á þessum málum sem allra fyrst.

Vegna Íslandsmóts í golfi hafði sá sem hér stendur samband við formann borgarráðs með ósk um svokallaðan móttökustyrk frá hendi borgarinnar. GR var svo sannarlega að taka á móti gestum víðsvegar að af landinu og hafa svona styrkir tíðkast í gegnum árin fyrir önnur íþróttafélög í borginni þegar haldin eru stórmót eins og landsmót.

Því miður kom ekkert út úr þessari málaleitan og svo virðist vera hjá núverandi meirihluta í borgarstjórn að áhugi á íþróttamálum og á samskiptum við íþróttafélög almennt hér í borginni sé mjög takmarkaður, og er það miður.



NÝFRAMKVÆMDIR Á KORPU

Lokið var endanlega við allar nýframkvæmdir á þeim hluta vallarins sem heitir Landið og Áin, að hluta, og gengið frá og lokið við allar snyrtingar í kringum flatir og glompur.

En þar sem gróandinn náði ekki fullum krafti síðastliðið sumar þá veit ég að með hækkingu sólu næsta vor munu kylfingar sjá stórbreytingar á öllu umhverfi í kringum flatir og teiga ásamt því að göngustígar á milli brauta verða komnir í betra horf en var í ár.

Sem sagt: Allri innrömmun á vellinum er lokið en móðir náttúra sér um afganginn. Og þá fyrst verður þessu mikla mannvirki lokið endanlega og kylfingar geta unað glaðir við sinn leik.

Það dylst engum að vallargerðin og öll sú mikla vinna og alúð, sem lögð hefur verið í verkið, eiga eftir að skila okkur miklum hagnaði því að minna viðhald á golfvelli, sem er gerður samkvæmt ströngustu kröfum, kemur beint fram þegar að viðhaldskostnaði kemur. Ekki er t.d. hægt að bera saman viðhald á Grafarholti og Korpu. Þar hefur Korpan vinninginn því að mun ódýrara og léttara er að halda við öllum flötum og teigum.

Heildarkostnaður við gerð Korpuvallar hins nýja er 247 milljónir króna og greiðir Reykjavíkurborg um 200 milljónir en GR 47 milljónir króna.

Vegna nýframkvæmda á Korpu voru önnur verkefni í algjöru lágmarki á eldri hluta Korpu og í Grafarholti en þó var nú eitthvað gert. Rennum aðeins yfir það.

GRAFARHOLT

- Grjóthreinsaðar brautir 12-13 og 14.
 - Gamlir gervigrasteigar fjarlægðir og tyrft í sárin.
 - Tröppur settar upp við rauðan teig á 7. braut.
 - Vallarstjóri í Grafarholti er Birkir Már Birgisson.
-

KORPAN

- Sett vökvunarkerfi í teiga á 10. og 12. braut.
- Vökvunarkerfi gert sjálfvirkt á 11., 14. og 15. flöt.
- Hvíti teigurinn á 11. braut lagaður og sléttur.
- Sett upp ný teigskilti á allan völlinn.
- Ýmis svæði tyrft.
- Göngustígar lagðir.
- Tré felld sem trufluðu áður leik.
- Yfirsáð í ýmis svæði á brautum.



- Tré gróðursett og færð til innan svæðis.
- Yfirvallarstjóri er Ágúst Jensson.
- En eins og áður sagði var lagður meginþungi á að ljúka verki við nýjan hluta Korpuvallar.

GARÐAVÖLLUR Á AKRANESI

Eins og menn muna var samningi þeim, sem GR hefur haft um leigu á Garðavelli, endanlega lokið frá og með 1. janúar á þessu ári. Þess vegna er inni í bókhaldi okkar kostnaður vegna Garðavallar því að bókhaldsár GR er til 1. nóvember ár hvert.

Sá kostnaður er fólgin í endanlegum viðskilnaði á Garðavelli, launum starfsmanna og öðrum fjárútlátum sem féllu á okkur samkvæmt endanlegum samningi um viðskilnað okkar uppi á Akranesi.

Við þökkum fyrir okkur og óskum þeim Leynismönnum alls hins besta í framtíðinni.

SLÁTTUR OG HIRÐING KNATTSPYRNUVALLA REYKJAVÍKUR

Eins og áður sér GR um allan slátt á knattspyrnuvöllum Reykjavíkur en það gerir okkur kleift að halda betur við tækjakosti okkar en ella væri. Nokkur aukning varð á verkframlagi sem og hækkun á greiðslum þar í mót.

Vallarráð GR er skipað:

Garðari Eyland
Birni Víglundssyni, sem er tengiliður stjórnar
Ágústi Jenssyni, yfirvallarstjóra

RÆSING OG EFTIRLIT

Nú eins og áður sjá 6 ræsar um allt eftirlit á völlum GR. Hefur þetta eftirlit gefist vel og aukið leikhraða til muna á völlum okkar í daglegu spili. En eins og áður, þegar haldin eru opin mót, dettur leikhraði allverulega niður enda má gera ráð fyrir að sumir kylfingar séu að leika vellina í fyrsta skipti.

Nú, þegar Korpan er komin með 27 holur ásamt Litla vellinum, er hugsanlegt að eftirlit þar verði aukið.

Ég hef víða farið og hvergi rekist á eins mikið og gott eftirlit með neinum golfvöllum eins og hjá okkur GRingum enda er leikhraði í daglegu spili með því besta sem ég þekki dæmi um.

RÁSTÍMSKRÁNING

Þegar opnað var fyrir rástímskráningu á Korpuvelli hinum nýja opnuðust þar miklir möguleikar fyrir útræsingu, t.d. eins og var í sumar, 18 holu leikur og svo 9 holu leikur. Við gætum breytt því t.d. einu sinni í viku í 9 holu útræsingar eða boðið upp á 27 holu mót. Möguleikarnir eru miklir.

Fljótlega kom í ljós að ákveðin lykkja var vinsælli en aðrar lykkjur. Áin/Landið var vinsælust og sumir höfðu orð á því að sú lykkja ætti alltaf að vera opin fyrir 18 holu leik. Það mun ekki verða því að okkur er í mun að hafa eins fjölbreytta útræsingu og hægt er til að jafna álag á alla hluta nýju Korpu.

Mikil ánægja var strax með 9 holu leik því að margur kylfingur hefur ekki tíma fyrir 18 holur en 9 holur bjarga deginum og að sjálfsögðu bjóðum við áfram 9 holu leik.

Rástímakerfið er í sífelldri endurskoðun. Verður tekið hart á allri misnotkun á kerfinu, t.d. ef menn skrá sig í 18 holu leik en leika svo aðeins 9 holur. Þess háttar framkoma er illa liðin því hugsanlega gæti hollíð endað sem einn leikmaður.



HELSTU NEFNDIR GR

KVENNASTARFIÐ

Alltaf er líf og fjör hjá konunum. Sú sem stýrir þeim glæsilega og stóra hópi kvenna í GR heitir Elín Sveinsdóttir og nýtur aðstoðar fjölmargra góðra golfsystra. Er starf kvenna innan GR okkur körlum til eftirbreytni og megum við margt af þeim læra sem við kemur félagslífinu og innra starfi GR.

HEIMASÍÐU- OG UPPLÝSINGANEFND

Að halda utan um, uppfæra og koma á framfæri og beint til okkar félagsmanna ógrynnnum af upplýsingum er einn stærsti þátturinn í starfi okkar þegar kemur að því að veita félögum þjónustu með beinum og einföldum hætti.

Einnig eru inni á heimasíðunni okkar allar upplýsingar sem kylfingar vilja geta aflað sér um sögu GR svo og aðrar heimildir um starfsemi GR.

Hvet ég alla félagi innan GR að koma netfangi sínu á framfæri svo að megi tengja þá beint við þessa upplýsingaveitu okkar.

Þeir sem stýra þessu verkefni af myndarskap eru:

Guðni Hafsteinsson
Magnús Oddsson
Ómar Örn Friðriksson

ÖLDUNGANEFND OG RITSTJÓRN KYLFINGS

Þeir félagar sem hafa leitt þetta verkefni með miklum ágætum eru:

Halldór Kristjánsson
Magnús Oddsson

FORGJAFAR- OG AGANEFND

Þessir félagar hafa haft veg og vanda af öllum störfum sem snerta þennan málaflokk og eiga þakkir skildar fyrir gott starf:

Jónas Valtýsson
Stefán Pálsson
Ólafur Arinbjörn Sigurðsson



GRÓÐURFARSNEFND GRAFARHOLTS

Þessi ágæta nefnd er enn að störfum. Hún hefur haft það verkefni að útrýma lúpínu úr Holtinu okkar fallega ásamt því að skipuleggja svæðið og huga að og hafa umsjón með allri trjárækt sem þar hefur átt sér stað.

Við fengum sérfróðan aðila í sumar til að taka út alla grisjun og hefur sú vinna þegar farið af stað. Við megum ekki missa okkur í að kaffæra Grafarholtið í trjám. Nú er hafin vinna við að grisja samkvæmt ákveðnu skipulagi sem er vel.

Gróðurfarsnefnd skipa:

Gestur Jónsson
Margrét Geirsdóttir
Kristín Einarsdóttir

Færum við þeim alúðarþakkir fyrir.

BÁSAR OG GRAFARKOT

Öllu venjulegu viðhaldi var sinnt á árinu og núna á haustmánuðum var lagt gervigras á fleti, sem hafa verið til vandræða, gervigras sem fékkst af knattspyrnuvelli. Kemur þessi aðgerð til með að hjálpa til við alla tíningu sem og viðhald bolta á svæðinu.

Okkur er ljóst að gervigrasið skemmir útlit boltanna því að hvort tveggja er unnið úr olíu og passar þess vegna ekki vel saman. En gervigrasið á ekki að hafa áhrif á boltaflugið sjálft. Því miður er bleyta svo mikil á því svæði, þar sem Básar eru, að vonlaust er að hafa það opið allan ársins hring nema með gervigrasi.

Afföll af boltum er enn þó nokkur því að bæði eru þeir slegnir út í tjörn eða þeim er stolið eða þeir hverfa bara ofan í jörðina þar sem ekki er gervigras.

Vonandi verður stærri gervigrasflötur okkur til hjálpar í þessum eignum.

Básanefnd skipa:

Helga Hilmarsdóttir
Guðni Hafsteinsson
Ragnar Baldursson

GRAFARHOLTSKÁLI OG KORPÚLFSTAÐAHÚS

Öllu venjulegu viðhaldi var sinnt en sem betur fer reyndist það ekki mikið í ár.

Húsanefnd GR skipa þær:

Helga Hilmarsdóttir
Anna Björk Birgisdóttir

KAPPLEIKJA- OG MARKAÐSNEFND

Mótahaldið var með hinum mestu ágætum þótt tíðarfarið væri að stríða okkur kylfingum.

Hápunktur ársins var Íslandsmótið í högggleik og tókst það með afbrigðum vel. Mótið gekk upp í alla staði og meira segja veðurguðirnir voru okkur vinveittir.

Mikill fjöldi fólks heimsótti Korpúlfsstaði og sá völlur, sem leikinn var sem mótslykkja, var Sjórinn og Áin. Allir keppendur luku einróma lofsorði á allt mótshaldið sem endaði með hátíðarkvöldverði og verðlaunaafhendingu uppi á loftinu okkar góða á Korpu.

Ég held ég sé ekki að halla á einn eða neinn þó að ég nefni sérstaklega og hrósi og þakki fyrir frábæra frammistöðu formanni mótanefndar, honum Ómari Erni Friðrikssyni, markaðstjóra GR, sem fékk það erfiða hlutverk að skipuleggja og koma frá sér einu stykki Íslandsmóti. Allt sem var gert var þaulhugsað frá byrjun til enda og



ekkert landsmót hefur verið haldið með svona miklum glæsibrag og mótið sem var haldið í lok júlí 2013. Við GRingar getum verið stoltir af okkar framlagi og vill ég nota þetta tækifæri til að þakka þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem komu að mótinu og starfsmönnum klúbbsins fyrir þeirra mikla framlag.

Ég held að formaður hafi fengið staðfestingu á réttmæti þeirrar persónulegu skoðunar sinnar að Íslandsmót í golfi eigi að halda sem næst þeim mikla fólksfjölda sem býr höfuðborgarsvæðinu.

Meistaramót klúbbsins var haldið í byrjun júlí með samt aðeins breyttu sniði þar sem meistaraflokkskylfingum var gefinn kostur á að leika Korpuna fjórum sinnum til þess að æfa sig fyrir komandi Íslandsmót. Þannig verður ekki leikið á meistaramótinu næsta sumar heldur fer í fyrra horf þar sem leiknir eru tveir hringir á hvorum velli Golfklúbbs Reykjavíkur.

Aðeins minni þátttaka var í meistaramótinu en árið á undan og mættu um 560 keppendur til leiks í ár.

Klúbbmeistari karla er Ólafur Már Sigurðsson og klúbbmeistari kvenna Berglind Björnsdóttir.

Opin mót voru mjög vel sótt sem og innanfélagsmót og létu menn ekki veðrið trufla sig svo mikið á þeim mótum.

Gott jafnvægi er að nást á milli móta á Korpu sem og í Grafarholti og hefur Korpa endanlega stimplað sig inn sem frábær golfvöllur núna í sumar þegar landsmótið var haldið þar.

Opin mót voru 10 talsins þar sem að meðaltali komu 145 keppendur til leiks og innanfélagsmót voru 8 á móti 6 árið á undan

Samtals hélt GR utan um 35 golfmót í ár á móti 29 árið á undan en alltaf er verið að leita eftir jafnvægi í öllu mótahaldi svo að almennur leikur félagsmanna okkar skerðist sem allra minnst.

Einnig ber að minnast á þátt markaðsstarfs klúbbsins í starfseminni. Þar fellur allt undir sem heitir aðrar tekjur og þó að niðursveifla hafi verið í golfinu almennt séð á árinu hefur tekist að halda sömu tekjum og allar áætlanir gerðu ráð fyrir. Er einnig fyllsta ástæða til að þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem stutt hafa við bakið á GR á árinu sem er að líða.

Kapleikja- og markaðsnefnd GR er skipuð þeim:

Birni Víglundssyni
Gunnari Má Sigurfinnsyni
Ómari Erni Friðrikssyni

Eiga þeir allir þakkir skildar fyrir vel unnin störf.

UNGLINGA- OG AFREKSNEFND

Hefðbundnar æfingar hófust að vanda í byrjun nóvember í Básun, efra loftinu á Korpu og í Egilshöll og World Class.

Skipulagðar voru tvær Spánarferðir með um alls 100 manns, bæði iðkendum og vandamönnum, en kostnaður, sem fellur á klúbbinn vegna þessara ferða, er innan þeirrar fjárhagsáætlunar sem gerð er í byrjun hvers starfsárs.

Fagleg uppbygging starfsins er orðin mjög góð og fjórir vel menntaðir kennarar sjá um allt starfið. Öll umgjörð og æfingamenning er til fyrirmyndar hjá GR og framtíðin björt.

Innra starf unglinganeftardar hefur falist í að laga til og koma betur í gagnið heimasíðu klúbbsins sem snertir alla þá fjölmörgu krakka sem æfa hjá félaginu. Þá hefur verið unnið að því að stofna og hlúa að foreldraráði sem er alveg nauðsynlegt svo að betur megi takast til við alla þá miklu vinnu sem t.d. allar sveitakeppnir kalla á þegar farið er með stóran hóp út á land.

Árangur GR á liðnu sumri var mjög góður hjá meistaraflokki karla og kvenna en örlítið vantaði upp á hjá unglingunum þetta árið. En framundan eru virkilega spennandi tímar



hjá yngri iðkendum þar sem nýjar kynslóðir GRinga eru að stíga sín fyrstu skref og munu setja mark sitt á komandi sumari.

Öldungaflokkur GR stóð sig vel að vanda og vann nánast allt sem hægt var að vinna og eigum við þar stóran hóp af frábæru fólki sem er góðir og gegnir félagar í GR.

Helstu afrek voru eftirfarandi og stikla ég á helstu titlum:

Sunna Víðisdóttir
Íslandsmeistari í högguleik

Guðmundur Ágúst Kristjánsson
Íslandsmeistari í holukeppni

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir
Íslandsmeistari í holukeppni

Jón Haukur Guðlaugsson
Íslandsmeistari eldri kylfinga og stigameistari LEK

Ásgerður Sverrisdóttir
Íslandsmeistari eldri kylfinga

Öldungasveit GR, kvenna sem karla
Íslandsmeistari í sveitakeppni eldri kylfinga

Saga Traustadóttir
Íslandsmeistari í holukeppni 15-16 ára, og hún hlýtur einnig háttvísibikar GR 2013

Ingvar Andri Magnússon
Stigameistari GSÍ, 14 ára og yngri

Ragnhildur Kristinsdóttir
Stigameistari GSÍ, 15-16 ára

Golfklúbbur Reykjavíkur
Stigameistari GSÍ í unglingsflokkum

Sveit pílta, 15 ára og yngri
Íslandsmeistari sveitakeppni GSÍ

GR á 7 leikmenn sem stunda nám í Bandaríkjunum og fjórir eru á leiðinni út. Þeim er alltaf að fjölga sem velja þessa leið, það er að stunda nám og stunda golf við bestu aðstæður. Þetta skilar sér með tímanum með betri kylfingum sem enda svo sem atvinnumenn eða þá sem góðir og gegnir borgarar hér heima sem taka þá við GR og skila því til baka sem klúbburinn hefur gefið þeim.

Hitann og þungann af starfi unglings sem formaður afreksnefndar hefur Ragnar Baldursson borið. Einnig eru í nefndinni þeir Víðir Ársælsson, Viggó H. Viggósson og íþróttastjóri GR, Brynjar Geirsson.

Við þökkum þeim fyrir framlag þeirra. Ég veit að framtíðin í unglings- og afrekstarfi GR er björt. Við þurfum við ekki að kvíða neinu en verðum þó halda vöku okkar því að margt glepur unglingsinn og hart er sótt að ungu fólki með afþreyingu og öðrum áhugamálum.

FJÁRMÁL

Fjárhagur Golfklúbbs Reykjavíkur stendur traustum fótum. Niðurgreiðslutímabil er í gangi. Nú þegar er mjög stórum framkvæmdum lokið. Við settum fram metnaðarfulla niðurgreiðsluáætlun fyrir árið sem er að líða, en því miður gekk hún ekki eftir sem skyldi og eru nokkrar ástæður fyrir því.

Lokafrágangur vegna Korpuframkvæmda reyndist dýrari en áætlað var. Varð að ljúka því verki svo að hægt væri að opna svæðið. Kostnaður varð meiri bæði vegna veðurfars og þar sem meira var í lagt, en það kemur okkur til góða þegar fram líða stundir.

Samningur sem gerður var við rekstraraðila Bása og boltakaup á sama stað reyndust vera eitthvað sem menn reiknuðu ekki með en þau uppkaup og fjárfesting koma seinna inn til góða og ekkert fé hefur glatast. Þar var staða klúbbsins eingöngu tryggð og vonandi gengur það allt eftir.

Verkefnið framundan er að ná aftur þeim fjölda félaga sem hæfilegt þykir að hafa - sem og að styrkja allt innra starf - og sjáanlega eru betri tímar framundan í niðurgreiðsluferlinu sem nú er í gangi. Vextir eru þyrnir í augum okkar stjórnarmanna og því viljum við koma skuldamálum á hreint áður en farið er í næsta stórverkefni og þá reynt að fjármagna jafnóðum af eigið fé allar framkvæmdir ef hægt er.

Tekjutap á ársgrundvelli vegna færri leikinna hringja sem og færri félaga er um 2%. En við getum þakkað sterkri markaðsstöðu og traustum styrktaraðilum að aðrar tekjur gengu allar eftir og vega vel upp tekjutapið sem rekja má til ytri aðstæðna.

Sú vinna sem lögð var í endurskipulagningu á allri stefnumótun varðandi mannafla GR kemur núna fram af fullum þunga eins og allar áætlanir bera með sér og kemur fjárhagur sem endurgreiðsluferli til góða og flýtir fyrir öllu því ferli.

En það sem allt okkar starf byggir á er að vera með fullskipaðan klúbb af félögum sem greiða árgjaldið sem lagt er til á hverjum aðalfundi. Núna er lagt til að samþykkt verði árgjald sem er mjög hóflegt en hækkan verulega á þann aldursflokk sem verður sífellt fjölmennari innan klúbbsins. Sú stefna var mótuð fyrir fjórum árum að ná eldri kylfingum upp í 74-75% af fullu árgjaldi eins og gerist alls staðar í kringum okkur. Á næsta ári verður síðasta áfanga þessarar hækkunar náð. Teljum við að framboð og fjölbreytni, sem GR býður félögum sínum, gefi tilefni til að við séum að minnsta kosti jafningjar annarra klúbba þegar kemur að árgjaldi.

Gjaldkeri GR, Guðný Helga Guðmundsdóttir, skýrir út hér á eftir ársreikninga klúbbsins og þær áætlanir sem eru í gangi hjá GR varðandi fjármálin.

FRAMTÍÐARNEFND GRAFARHOLTS

Nefndin hefur skilað inn tillögum sínum og hefur verið fjallað um þær á opnum fundi sem og innan raða félagsmanna.

Staðan á þessu mikilvæga málefni er sú að við höfum falið skoskum arkitekt sem heitir Tom Mackenzi og kemur frá Invernes að útbúa svokallað „masterplan“ en þar eiga að koma fram allar þær breytingar sem gert er ráð fyrir að þurfi að gera í Grafarholti til að ná þeim styrk sem við viljum fá fram.

Þjörn Víglundsson, formaður vallarráðs, skrifaði undir samkomulag með samþykki stjórnar á þessari verkefni núna í október því að stjórn GR vill fara sér hægt en markvisst að settu marki og notast við allar þær bestu upplýsingar sem hægt er að nálgast. Við viljum ekki rasa um ráð fram því að reynsla okkar af Korpu sýnir að betra er að hafa allt skipulag alveg á hreinu frá fyrsta degi, bæði verklag og kostnað.

Á komandi vormánuðum kemur umræddur Tom Mackenzie til skrafs og ráðagerða og þá væri gaman að halda fund með ykkur, ágætu félagar, þar sem hann skýrir frá hugmyndum sínum varðandi umræddan golfvöll í Grafarholtinu.

Það er alveg á hreinu að GR leggur ekki út í svona viðamiklar framkvæmdir nema á undan hafi farið mikið og gott kynningarstaf og að samstaða sé í klúbbum um verkið og kostnað vegna þess.

Við bindum miklar vonir við þetta verklag. Það er ósk okkar að út úr þessu ferli komi það sem við erum að biðja um... Betri golfvöllur.





NIÐURLAG

Ágætu félagar.

Sumarið 2013 verður ekki í minnum haft sem eitt af þeim betri og vonum við að almættið verði okkur kylfingum hliðhollara næsta sumar.

Framundan er spennandi ár en þá verður Golfklúbbur Reykjavíkur 80 ára. Verður þess áfanga minnst á veglegan hátt með hinum og þessum uppákomum sem skýrt verður frá síðar.

Nú er rétti tíminn til að snyrta og lagfæra velli klúbbsins því að engar framkvæmdir eru í gangi aldrei þessu vant. Skora ég á alla féлага GR að koma að því verki þegar leitað verður til þeirra eins og gert var síðastliðið vor þegar hreinsunardagar voru haldnir og svo leikið golf þar á eftir fyrir þá sem tóku þátt í hreingerningunni.

Stefnan er nú sett á uppbyggingu innra starfs og að efla félagslega þáttinn innan GR en skort hefur á að þeim þætti væri sinnt undanfarin ár.

Til þess að öll þessi mikla starfsemi GR gangi vel verðum við að vera með fullskipaðan klúbb og nýta vel allan spiltíma sem býðst á völlum klúbbsins. Við verðum að leggjast á eitt að nýta þær fjárfestingar sem lagt hefur verið í. Til lítils er unnið að standa í þeim miklu framkvæmdum, sem nú er lokið, ef nýting er slök.



Nýr veitingaðili tók við á Korpuvelli. Kom þar til sögunnar sá ágæti og leikreyndi veitingamaður Hörður Traustason sem hefur verið undanfarin ár með veitingasöluna í Grafarholti ásamt Sigrúnu Árnadóttur sem heldur þar áfram.

Það er happafengur að hafa svona frábært veitingafólk á báðum völlum GR og eigum við félagar að sýna þeim stuðning okkar í verki með fleiri heimsóknum í veitingasölu á báðum völlum.

Tveir góðir starfsmenn hafa fundið sér annan starfsvettvang eftir mörg ár með klúbbnum. Herborg Arnarsdóttir hefur snúið sér að öllu leyti að fluginu og hætti endanlega hjá okkur núna 1. nóvember.

Ágúst Jensson sótti um og var ráðinn framkvæmdarstjóri Golfklúbbs Akureyrar núna í haust eftir fjölda ára á Korpunni sem vallarstjóri og nú síðasta árið sem yfirvallarstjóri GR.

Ég vil þakka þessu ágæta fólki innilega fyrir mikil og góð störf um árabíl og óska þeim alls hins besta á nýjum starfsvettvangi.

Nýr yfirvallarstjóri hefur verið ráðinn Birkir Már Birgisson sem var áður í Grafarholti. Einnig urðu þær breytingar að Hólmur Freyr Christiansen tekur við Korpunni og Bjarni Grétar Sigurðsson tekur við í Grafarholti. Báðir hafa þeir verið hér á völlum GR í mörg ár og þekkja vel sína heimavelli.

Ég býð þá alla þrjá hjartanlega velkomna og óska þeim velfarnaðar í starfi og fagna því um leið að við skulum geta falið starfsmönnum, sem hafa verið hjá okkur í áráraðir, ábyrgðarmeiri störf.

Fyrir hönd Golfklúbbs Reykjavíkur vil ég fá að þakka þeim fjölmörgu aðilium sem lögðu okkur lið á liðnu starfsári, sjálfbóðaliðum sem styrktaraðilum, veitingamönnum sem og öllu starfsfólki GR.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að þakka Garðari Eyland, okkar ástkæra framkvæmdastjóra, fyrir hans mikla framlag – enda gegnheill GRingur sem vill öllum vel.

Ég flyt þakkir til samstjórnarmanna fyrir þeirra góðu störf, samheldni og frábært samstarf á starfsárinu, en eins og áður þá eru öll stjórnarstörf ólaunuð.

Ykkur, góðir félagar, þakka ég fyrir góð kynni og endalaus þolinmæði hér í kvöld.

Jón Pétur Jónsson, formaður Golfklúbbs Reykjavíkur.

